



# Sjónvarpsþjónusta Símans - skilmálar

Nánari leiðbeiningar um virkni og notkunarmöguleika Sjónvarpsþjónustu Símans má finna á [www.siminn.is](http://www.siminn.is).

Sjónvarpsþjónusta Símans er þjónusta Símans hf. sem aðgengileg er viðskiptavinum í gegnum mismunandi spilara, n.t.t. smáforrit og myndlykil Símans, eða þeim miðlum sem Síminn ákveður á hverjum tíma. Viðskiptavinir hafa val um hvaða spilari er notaður til að nálgast þjónustuna hverju sinni, þó m.t.t. skilyrða í skilmálum þessum og leiðbeininga Símans. Smáforritin eru aðgengileg í verslunum viðeigandi tækja (s.s. Google Play Store eða Apple App Store).

Með þjónustunni er viðskiptavini gert kleift að nálgast myndefni í línulegri dagskrá og myndefni eftir pöntun, þ.m.t. efni sem viðskiptavinur kann að hafa keypt svo sem á grundvelli sjónvarpsáskriftar eða kaup á sjónvarpsviðburði, hjá Símanum eða þriðja aðila. Leiðbeiningar um notkunarmöguleika þjónustunnar eru að finna á [www.siminn.is](http://www.siminn.is).

Varðandi meðferð persónuupplýsinga við notkun á þjónustunni vísast til Persónuverndarstefnu Sjónvarpsþjónustu Símans.

## 1. Almennt

Skilmálar þessir gilda um Sjónvarpsþjónustu Símans (hér eftir „þjónustan“ eða „sjónvarpsþjónustan“) í eigu Símans hf. (hér eftir „Síminn“).

Sá aðili sem kaupir og skráir sig fyrir þjónustunni er viðskiptavinur Símans og er hann rétthafi þjónustunnar. Með virkjun á þjónustunni undirgengst viðskiptavinur skilmála þessa. Viðskiptavinur skal tryggja að aðilar sem tilheyra heimili hans noti þjónustuna í samræmi við skilmála þessa. Viðskiptavinur ber ábyrgð á allri notkun þjónustunnar sem og greiðslum vegna hennar.

Viðskiptavinur skal kynna sér vandlega skilmála þessa áður en notkun hefst á þjónustunni, en samþykki skilmálanna er forsenda þess að viðskiptavinur megi og geti notað þjónustuna. Óski viðskiptavinur eftir hliðræðu afriti af skilmálum þessum skal slíkri beiðni beint til Símans.

Skilmálar þjónustunnar, eins og þeir eru hverju sinni, eru birtir á [www.siminn.is](http://www.siminn.is). Leiðbeiningar um notkunarmöguleika þjónustunnar eru að finna á [www.siminn.is](http://www.siminn.is).

Almennir viðskiptaskilmálar Símans gilda þar sem ákvæðum þessa skilmála sleppir. Stangist ákvæði þeirra á við skilmála þessa skulu ákvæði þessa skilmála ganga fram.

Að öðru leyti hafa skilmálar þessir ekki áhrif á þau gjöld og/eða kostnað sem viðskiptavinur þjónustunnar kann að þurfa greiða þriðja aðila til að nálgast þjónustuna eða pantu myndefni, svo sem öðru fjarfskiptafélagi.

## 2. Þjónustan

Með kaupum á þjónustunni er viðskiptavini gert kleift að nálgast sjónvarpsefni eftir pöntun (VOD) og í línulegri dagskrá í gegnum þá tegund spilara sem viðskiptavinur velur, sbr. gr. 3. Viðskiptavini stendur einnig til boða með þjónustunni að nálgast sjónvarpsáskrift eða stakt myndefni hjá Símanum

og eftir atvikum þriðja aðila sem viðskiptavinur hefur leigt eða keypt. Síminn áskilur sér rétt til þess að breyta últli og virkni þjónustunnar, án fyrirvara eða tilkynningar, eftir því sem Síminn telur rétt hverju sinni.

Á grundvelli upplýsinga um notkunarsögu, þ.e. upplýsinga um myndefni sem viðskiptavinur hefur horft á og tíma og dagsetningu áhorfs, kann viðskiptavinur einnig í gegnum þjónustuna að fá tillögur um áhorf á öðru myndefni.

Síminn áskilur sér rétt til að takmarka þjónustuna við tiltekinn fjölda samtímastrauma, svo sem á grundvelli tegund sjónvarpsáskriftar viðskiptavinar hjá Símanum eða þriðja aðila. Einungis einn straumur getur verið virkur á hverjum spilara sem viðskiptavinur notar. Viðskiptavinur getur nálgast upplýsingar á sjálfsafgreiðsluvef sjónvarps um fjölda samtímastrauma sem fylgja þjónustunni. Viðskiptavini stendur til boða að kaupa fleiri samtímastrauma samkvæmt gildandi verðskrá hverju sinni. Síminn áskilur sér hins vegar rétt til að takmarka fjölda samtímastrauma sem hver viðskiptavinur getur keypt. Síminn áréttar að samtímastraumar á myndefni sem keypt er af þriðja aðila getur sætt öðrum takmörkunum af þeirra hálfu.

Vakin er athygli á að Síminn getur ekki ábyrgst virkni og/eða aðgengi þjónustunnar á öllum stýrikerfum þriðja aðila, einkum eldri útgáfum stýrikerfa, sbr. einnig umfjöllun í gr. 3.

Gæði og virkni þjónustunnar getur verið mismunandi eftir þeirri tegund búnaðar sem viðskiptavinur notar til að nálgast þjónustuna (hér eftir „spilara“), en margir þættir geta haft áhrif á þjónustuna, s.s. staðsetning spilara, aðgengileg bandvídd og/eða gæði/hraði internettengingar sem viðskiptavinur notar til þess að nálgast þjónustuna. Sjónvarpsþjónustan er háð viðkomandi internettengingu og hvort spilari viðskiptavinar styðji viðeigandi gæðaviðmið sem þjónustan er miðuð við. Síminn leitast við að afhenda þjónustuna



í samræmi við gæði internettengingar viðskiptavinar hverju sinni.

Viðskiptavinur er sjálfur ábyrgur fyrir því að tryggja virka internet- eða gagnaflutningstengingu. Sérstök athygli er vakin á því að notkun á þjónustunni felur í sér notkun á gagnamagni. Viðskiptavinur ber ábyrgð á greiðslu gjalda vegna fjarskiptapjónustu sem hann kaupir frá sínu fjarskiptafélagi vegna notkunar á spilara sínum, þ.m.t. notkun á gagnamagni í snjalltæki. Gæði fjarskiptatengingar, uppítími og önnur virkni hennar er á ábyrgð viðkomandi fjarskiptafyrirtækis sem viðskiptavinur á í viðskiptum við. Ber Síminn í tengslum við veitingu þjónustunnar skv. þessum skilmálum enga ábyrgð á fjarskiptapjónustu eða rekstri fjarskiptaneta sem annað fjarskiptafélag veitir viðskiptavini.

Sé lokað fyrir internettengingu eða gagnaflutning viðskiptavinar, sem leiðir til þess að honum er ekki unnt að nota þjónustuna, hvort sem viðskiptavinur hefur sagt henni upp sjálfur eða tengingu lokað af öðrum ástæðum (svo sem vegna vanskila), eða ef internettenging virkar ekki með fullnægjandi hætti af hvaða ástæðu sem er, hefur það engin áhrif á greiðsluskyldu viðskiptavinar vegna þjónustunnar á grundvelli skilmála þessa.

### 3. Aðgengi og notkun

Þjónustan er aðgengileg í gegnum tilteknar tegundir spilara, n.t.t. smáforrit og myndlykil Símans, eða öðrum spilurum sem Síminn ákveður á hverjum tíma. Upplýsingar um þá spilara sem viðskiptavinur getur notað til að nálgast þjónustuna, sem og nánari upplýsingar um notkunarmöguleika þjónustunnar má nálgast á vef Símans, [www.siminn.is](http://www.siminn.is).

Í þeim tilvikum sem viðskiptavinur kýs að nálgast þjónustuna í gegnum smáforrit Símans er vakin athygli á að Síminn getur ekki ábyrgst fulla virkni smáforritsins í stýrikerfum þriðja aðila, sér í lagi eldri útgáfum stýrikerfa. Er viðskiptavini ráðlagt að kynna sér hvaða útgáfur stýrikerfa smáforritið styður við hverju sinni á [www.siminn.is](http://www.siminn.is). Síminn hefur að öðru leyti ekki stjórn á því hvort eða hvenær stýrikerfi í búnaði viðskiptavinar breytast eða uppfærast og ber því ekki ábyrgð á slíkum breytingum þriðja aðila.

Til þess að nálgast þjónustuna þarf viðskiptavinur:

- að hafa náð 18 ára aldrí,
- vera með skráð lögheimili á Íslandi,
- hafa virka internettengingu, hvort sem hún er um farsímakerfi eða fastlínukerfi,
- nota einungis tegund spilara sem ætluð er til að nálgast og nota þjónustuna, sbr. gr. 4.

Þjónustan er einungis ætluð til heimilis- og einkanota viðskiptavinar og þeirra aðila sem tilheyra

heimili hans. Óheimilt er að nota þjónustuna í viðskiptalegum tilgangi, svo sem til endursölu. Óheimilt er að nota þjónustuna til opinberrar birtingar.

Þjónustan er fyrst og fremst ætluð til notkunar á Íslandi en viðskiptavinum er heimilt að nota þjónustuna tímabundið utan Íslands, þó eingöngu innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) vegna ferðalaga eða orlofsvalrar. Þó getur ákveðið myndefni, eða áhorfsaðferð þess, innan þjónustunnar ekki verið aðgengileg utan Íslands eða annars landssvæðis vegna takmarkana á sýningarrétti, hvort sem er af hálfu Símans eða þriðja aðila. Síminn áskilur sér rétt til að loka fyrir þjónustuna hjá viðskiptavini eða takmarka hana ef hún er notuð með varanlegum hætti utan Íslands, n.t.t. ef þjónustan er notuð utan Íslands lengur en tvo mánuði á hverju 12 mánaða tímabili, þ.m.t. ef viðskiptavinur eða notandi notar VPN-tengingu eða sambærilega tengingu til að villa fyrir um staðsetningu spilara.

Í þeim tilvikum sem viðskiptavinur rýfur samtímastraum í tilteknum spilara til að nýta strauminn í öðrum spilara, er sú aðgerð á ábyrgð viðskiptavinar.

Vakin er athygli á að þjónustan getur innihaldið efni sem er óviðeigandi fyrir börn undir lögaldri. Viðskiptavini er frjálst að nýta sér stillingarmöguleika þjónustunnar til að læsa fyrir leigu eða kaup á myndefni, sbr. leiðbeiningar á [www.siminn.is](http://www.siminn.is).

### 4. Búnaður

Viðskiptavini stendur til bodá að nota sjónvarpsþjónustuna í gegnum mismunandi tegundir spilara, þ.m.t. myndlykil frá Símanum. Kjósi viðskiptavinur að nota þjónustuna með myndlykli frá Símanum getur viðskiptavinur leigt viðeigandi búnað og nálgast hann hjá Símanum, n.t.t. myndlykil, fjarstýringu og tengisnúrur, í samræmi við verðskrá Símans hverju sinni. Ber viðskiptavinur ábyrgð á uppsetningu og tengingu búnaðarins á sínum dvalarstað, sbr. umfjöllun neðar.

Búnaðurinn er eign Símans og við uppsögn á þjónustunni ber viðskiptavini að skila honum aftur til Símans. Uppsögn á sjónvarpsþjónustunni felur ekki í sér sjálfkrafa uppsögn á leigðum búnaði. Viðskiptavinur er því gjaldfærður fyrir leigðan búnað, þar til honum hefur verið skilað.

Búnaðurinn er einungis ætlaður viðskiptavinum Símans. Óheimilt að leyfa öðrum afnot af honum með því að leijja hann út, selja eða láta af hendi með öðrum hætti, hvort sem það er gert gegn gjaldi eður ei.



Myndlykil má aðeins nota á heimili viðskiptavinar eða á þeim stöðum sem viðskiptavinur eða fjölskyldumeðlimir hans kunna að dvelja, til styttri eða lengri tíma. Verði viðskiptavinur uppvís að því að hafa útdeilt myndlykli til annars aðila áskilur Síminn sér rétt til að segja upp þjónustu viðskiptavinar. Einnig áskilur Síminn sér rétt til að takmarka leigu á fjölda myndlyklum til viðskiptavinar.

Síminn getur án fyrirvara krafíð viðskiptavin um að fá búnaðinn til skoðunar, en Símanum ber að útvega viðskiptavini samsvarandi búnað á meðan á skoðun stendur.

Viðskiptavini er óheimilt að taka búnaðinn í sundur eða valda nokkrum breytingum á hugbúnaði sem honum tilheyrir.

Viðskiptavinur ber ábyrgð á öllu tjóni á þeim búnaði sem Síminn lætur honum í té. Viðskiptavinur skal greiða allan kostnað vegna viðgerða á búnaði sem stafar af rangri notkun eða slæmri meðferð á honum, í samræmi við verðskrá Símans. Eyðileggist eða glatið búnaður í vörlu viðskiptavinar ber honum að greiða Símanum kostnaðarverð nýs búnaðar eins og það er á hverjum tíma, skv. verðskrá Símans. Greiðsla vegna ónýts eða glataðs búnaðar hefur ekki áhrif á eignarrétt Símans á búnaðinum og felur undir engum kringumstæðum í sér framsal á eignarétti búnaðar.

Viðskiptavini er óheimilt að taka búnaðinn í sundur eða valda nokkrum breytingum á hugbúnaði sem honum tilheyrir.

## 5. Verð

Verð fyrir áskrift að þjónustunni eru að finna í verðskrá Símans, eins og hún er á hverjum tíma.

Verð fyrir kaup á stafrænu myndefni, eins og nánar er lýst í skilmálum þessum, eru birt í viðmóti þjónustunnar.

Síminn áskilur sér rétt til að breyta verðskrá þjónustunnar og tilkynna viðskiptavinum með hæfilegum fyrirvara í samræmi við lög og Almenna viðskiptaskilmála Símans.

## 6. Áskriftir og tilboð

Viðskiptavinum stendur til boða með þjónustunni að nálgast áskriftir sem viðskiptavinur kann að hafa keypt hjá Símanum eða þriðja aðila sem kann að bjóða upp á áskrift að línulegri og/eða ólínulegri myndmiðlun, sölu á stökum viðburðum eða titlum, hvort sem það er í línulegri dagskrá og/eða ólínulegri myndmiðlun.

Það myndefni sem Síminn kann að bjóða til sölu í formi áskriftar getur verið mismunandi á hverjum tíma. Síminn áskilur sér rétt til þess að breyta því myndefni sem er aðgengilegt í þjónustunni hverju sinni án tilkynningar, þ.m.t. bæta við eða fjarlægja myndefni eftir því sem Síminn telur rétt og eðlilegt á hverjum tíma, sem og vegna samninga við rétthafa myndefnis, nema sérstök skilyrði eigi við um tiltekna tegund áskriftar viðskiptavinar.

Þegar viðskiptavinur kaupir sjónvarpsáskrift af þriðja aðila til notkunar í sjónvarpsþjónustunni gilda skilmálar viðkomandi aðila um þá þjónstu, til viðbótar við skilmála þessa.

Í þeim tilvikum sem Síminn kann að bjóða viðskiptavini að prófa þjónustuna tímabundið án endurgjalds („prufutíboð“), svo sem með notkun tilboðskóða, áskilur Síminn sér rétt til að binda slík tilboð ákveðnum skilyrðum. Við lok prufutímabils breytist tilboðið sjálfkrafa í áskrift fyrir sjónvarpsþjónustunni sem viðskiptavinur verður gjaldfærður fyrir í samræmi við verðskrá Símans á hverjum tíma, nema annað sé tekið sérstaklega fram, ef fallið hefur verið frá samningi skv. gr. 9 eða ef tilboðinu hefur verið sagt upp síðast á lokadegi prufutímabilsins.

## 7. Kaup á myndefni

Í þeim tilvikum sem viðskiptavini stendur til boða að kaupa tiltekið stafrænt myndefni, svo sem kvikmynd eða sjónvarpsþátt, í viðmóti þjónustunnar gildir eftirfarandi:

- keypt myndefni er **einungis** aðgengilegt viðskiptavini í gegnum viðmóti þjónustunnar og er því forsenda fyrir aðgengi að keyptu myndefni að viðskiptavinur sé með sjónvarpsþjónustu Símans;
- ekki er unnt að hlaða niður keyptu myndefni á eigin búnað, nema Síminn tilgreini slíkt sérstaklega í viðmóti þjónustunnar;
- með kaupum á myndefni gefst viðskiptavini færí á að horfa á efnid ótakmarkað í lengri tíma eftir því sem tilgreint er hverju sinni í viðmóti þjónustunnar og/eða hlaða því niður í viðmóti þjónustunnar.
- einungis myndefni sem er auðkennt og merkt til sölu í viðmótinu er myndefni sem viðskiptavinum þjónustunnar stendur til boða að kaupa;
- kaup skulu staðfest með innslætti PIN-númeri eða með þeim hætti sem Síminn mælir fyrir í viðmótinu hverju sinni.

Það er alfarið háð mati og ákvörðun Símans hvort eða hvaða myndefni standi viðskiptavinum til boða



að kaupa í þjónustunni, sem og tímalengd á aðgengileika þess í viðmóti þjónustunnar.

## 8. Greiðslur og vanskil

Viðskiptavini ber að greiða fyrir alla notkun á sjónvarpsþjónustu Símans, þ.m.t. kaupum á stafrænu myndefni, sem og þeim áskriftum sem keyptar eru hjá Símanum eða þar sem Síminn annast innheimtu fyrir þriðja aðila.

Að öðru leyti gilda *Almennir viðskiptaskilmálar Símans* um útgáfu reikninga, greiðslur og vanskil fyrir þjónustuna.

## 9. Auglýsingar

Síminn áskilur sér rétt til að birta viðskiptavinum auglýsingar í gegnum sjónvarpsþjónustuna. Auglýsingarnar geta bæði varðað vörur eða þjónustu Símans og vörur eða þjónustu þriðja aðila sem Síminn telur að viðskiptavinur geti haft áhuga á.

Nánar er fjallað um þessar auglýsingar í *Persónuverndarstefnu Sjónvarpsþjónustu Símans*, sbr. gr. 12 í skilmálum þessum.

## 10. Réttur til að falla frá samningi

Viðskiptavinur, sem er neytandi í skilningi laga nr. 16/2016 um neytendasamninga, á rétt á því að falla frá samningi innan fjórtán (14) daga eftir að kaupin fara fram og fá fulla endurgreiðslu. Sá réttur á hins vegar ekki við ef viðskiptavinur byrjar að nota þjónustuna með því að horfa á myndefni í gegnum hana, innan fjórtán daga frá því að viðskiptavinur virkjaði þjónustuna eða fékk staðfestingu þess efnis. Með því að byrja að nota þjónustuna, n.t.t. með áhorfi á myndefni skv. áskrift viðskiptavinar eða kaupum, samþykkir viðskiptavinur að rétturinn til að falla frá samningi falli úr gildi.

Unnt er að falla frá samningi með því að hafa samband við þjónustuver Símans eða í gegnum Netspjall á [www.siminn.is](http://www.siminn.is).

## 11. Uppsögn

Uppsögn þjónustu skal berast Símanum með sannanlegum hætti fyrir mánaðamót og tekur gildi frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir að uppsögn berst.

Uppsögn á þjónustunni felur í sér samhliða uppsögn á öllum sjónvarpsáskriftum sem viðskiptavinur er með hjá Símanum í gegnum spilarann.

Sé viðskiptavinur með sjónvarpsáskriftir hjá þriðja aðila mun uppsögn á sjónvarpsþjónustu Símans fela í sér að lokað verður fyrir aðgengi að sjónvarpsefni þriðja aðila í gegnum spilara Sjónvarpsþjónustu Símans. Að öðru leyti hefur uppsögn á þjónustunni hjá Símanum ekki áhrif á sjónvarpsáskriftir viðskiptavinar hjá þriðja aðila. Viðskiptavinur ber ábyrgð á að segja upp þjónustu þriðja aðila beint til viðkomandi fjölmíðlaveitu, óski hann þess.

Brjóti viðskiptavinur gegn skilmálum þessum er Símanum heimilt að takmarka aðgengi viðskiptavinar að þjónustunni, loka fyrir þjónustuna án fyrirvara, krefjast tafarlausra skila á búnaði ef við á og/eða greiðslu skaðabóta eftir atvikum.

## 12. Höfunda- og hugverkaréttur

Skilmálar þessir hafa ekki í för með sér neins konar yfirfærslu á höfunda- og hugverkarétti frá Símanum eða þriðja aðila til viðskiptavinar eða notanda þjónustunnar, ef notandi er annar aðili en viðskiptavinur.

Allt efnisinnihald þjónustunnar, þ.m.t. vörumerki Símans eða þriðja aðila, texti, hönnun, grafík, ljósmyndir, myndir og ritstýrt efni er varið höfundarétti, hvort sem Síminn eða þriðji aðili er leyfishafi réttindanna eða dreifingaraðili. Efnið er verndað af íslenskum og/eða alþjóðlegum höfundarétti.

Viðskiptavini er látið í té almennt, takmarkað og óframsetjanlegt leyfi til að nota þjónustuna og horfa á myndefnið, aðeins til einkanota eða á heimili og ekki í fjárhagslegum tilgangi. Viðskiptavinur samþykkir og ábyrgist að hann og eftir atvikum notandi þjónustunnar, muni ekki afrita, dreifa, gefa út, fjölfalda, leigja út, birta, senda út, endurútgefa, senda eða gera myndefni Símans eða þriðja aðila í þjónustunni aðgengilegt almenningi eða heimila örðrum að gera það.

Viðskiptavini er óheimilt að hlaða niður, áframsenda eða deila myndefni í þjónustunni, fara í kringum, breyta, fjarlægja, taka í sundur eða breyta þjónustunni eða eiga við neinar öryggisráðstafanir, hvort sem er í hugbúnaði þjónustunnar eða búnaði Símans sem notaður er til að tengjast þjónustunni.

## 13. Meðferð persónuupplýsinga

Við virkjun og notkun þjónustunnar safnar Síminn tilteknum upplýsingum um viðskiptavin og eftir atvikum notanda hennar. Nánari umfjöllun um hvaða upplýsingum er safnað, í hvaða tilgangi og hvernig er unnið með þær er að finna í *Persónuverndarstefnu Sjónvarpsþjónustu Símans*.

## 14. Öryggi



Síminn hefur innleitt sérstakar öryggisráðstafanir í þjónustunni til að tryggja gæði og virkni hennar. Viðskiptavini og eftir atvikum notanda (ef notandi er annar en viðskiptavinur) er með öllu óheimilt að reyna fara í kringum slíkar öryggisráðstafanir eða framkvæma hvers kyns tilraunir sem gætu haft áhrif á öryggisráðstafanir þjónustunnar, efnisinnihald hennar, eða hvers kyns hug- eða vélbúnaði Símans.

## 15. Takmörkun ábyrgðar

Síminn undanskilur sig ábyrgð vegna beins eða óbeins tjóns sem gæti verið afleiðing af notkun þjónustunnar, eða af því að nota ekki þjónustuna, eða af hvers kyns þjónustu þriðja aðila sem viðskiptavinur gæti keypt myndefni eða áskrift hjá og þar með nálgast í þjónustunni.

Síminn undanskilur sig ábyrgð á hvers kyns breytingum sem kunna verða á aðgengi og/eða gæðum þjónustunnar ef rekja má slíkar breytingar til uppfærslna og/eða breytinga á stýrkerfum þriðja aðila.

Skyldi þjónustan, eða myndefni, verða takmörkuð, hindruð eða seinkuð af lagalegum ástæðum, vegna stjórvaldsákvvarðana og/eða annarra orsaka sem Síminn hefur ekki stjórn á, ber Síminn ekki skaðabótaskyldu gagnvart viðskiptavini.

## 16. Annað

Síminn áskilur sér rétt til að gera tæknilegar breytingar eða uppfærslur á þjónustunni þegar þörf krefur, þ. á m. til að bæta þjónustuna. Skulu slíkar aðgerðir hafa sem minnst áhrif á notkun þjónustunnar hjá viðskiptavini, eftir því sem frekast er unnt. Síminn mun tilkynna viðskiptavinum fyrirfram ef fyrirhuguð er breyting á þjónustunni sem gæti haft áhrif á notkun á þjónustunni, eftir því sem unnt er. Munu slíkar tilkynningar birtast á <https://www.siminn.is/thjonustutilkynningar> og eftir atvikum með tölvupósti.

Síminn áskilur sér rétt til að hætta bjóða lausnina hvenær sem er án sérstakra skýringa. Komi til þess verður viðskiptavinum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara.

Síminn hefur rétt á að framselja skyldum sínum eða rétti skv. skilmálum þessum til félags innan sömu fyrirtækjasamstæðu án samþykkis viðskiptavinar.

## 17. Lögsaga

Um þjónustuna og skilmála þessa gilda íslensk lög og skal ágreiningi vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur. Neytendur geta leitað til Neytendastofu rísi ágreiningur um viðskiptahætti og/eða markaðssetningu Símans í tengslum við veitingu þjónustunnar.

## 18. Gildistími og skilmálabreytingar

Skilmálar þessir eru gefnir út af Símanum hf. og voru síðast uppfærðir þann 1. desember 2024 og gilda þar til nýir skilmálar taka gildi.

Síminn áskilur sér rétt til þess að breyta skilmálum eða verðlagningu þjónustunnar, einhliða með að lágmarki eins mánaðar fyrirvara. Verða slíkar breytingar tilkynntar viðskiptavin með nægilegum fyrirvara og sannanlegum hætti.

